

NÁMSGREIN - ÁRGANGUR - TÍMABIL

Leiklist - 6.bekkur

Kennarar: Íris Björg Ólafsdóttir

Lýsing – Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Nemendur koma í leiklist 2 í viku 60 mín í senn. Leiklist er kennd sem hluti af listasmiðju hjólinu. Nemendur eru í 6-7 vikur í hverri smiðju.

Námsmarkmið – Hvað á nemandinn að **læra**?

- áttað sig á mismunandi tillfinningum í samtölum milli tveggja eða fleiri persóna
- útskýrt mikilvægi leikmyndar, búninga og leikmuna í sviðsetningu og komið með hugmyndir að slíkum þáttum
- leikið persónur í leikþætti með áherslu á raddbeitingu, látbragð og tjáningu
- nýtt látbragð, raddbeitingu og líkamsstöðu til að túlka persónur í leikrænum æfingum
- prófað mismunandi leikstíla í eigin sköpun
- skapað leiktexta og flutt hann með áherslu á tjáningu og leikræna framsetningu
- túlkað innri einkenni persónu sem nemandi hefur skapað með raddbeitingu
- greint hvað gerist í upphafi, miðju og enda sögu, leikrits eða myndefnis og lýst hvernig það tengist persónunum og þeim verksins
- sett sig í spor leikarans og rætt hvernig hægt væri að túlka hlutverk öðruvísi
- sýnt viðeigandi hegðun þegar áhorfendur eru beðnir um að hafa þögn eða ekki tala á meðan sýning stendur
- sýnt virðingu fyrir leikverkum með því að tjá sig á uppbyggilegan hátt
- skilið mikilvægi hlutverk allra sem taka þátt í leiklist
- skipulagt og útfært leikþætti í samvinnu við aðra

Námsefni – Hvaða gögn og bækur verða notuð?

- gögn og leikmuna sem bæta sköpun og ímyndunar (andlitsmálning, búningar, hárkollur, brúðar, pappakassar, slæðu, vasaljós, tónlist..)
- Spuna form og spuna æfingar úr www.improvwiki.de (efni er á þýsku)

Kennsluaðferðir – Hvernig er unnið í kennslustundum

- leikir, kyrrmyndir, látbragð, skuggaleikhús, söguleikhús, frásagnarleikhús, spuna
- ímyndunarleikir
- hlutverkaleikir
- litlar sýningar innan kennslustofu,
- umræður, hugsanaflæði, hópavinna
- hópæfingar og samleikur
- skapandi ritun og sögusmíði

Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

- mæting og virkni
- tekið þátt og sýnt virkni í leikum
- framkvæmdir út frá verkefni í hóp og/eða sem einstaklingur
- hæfnieinkunn í bókstöfum (A-D)

Viðmið úr námskrá

- tjáning, tillitssemi, miðlun, sköpun, rökræða, ályktun, gagnrýnin hugsun, sjálfstæði, samvinna, leiðsögn, áreiðanleiki, upplýsingaöflun og miðlanotkun, sjálfsþekking, markmiðasetning, ígrundun, árangur og sjálfsþekking